

Selfossi, 21. janúar 2003

100. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn þriðjudaginn 21. janúar 2003, kl. 10:30 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson, Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfulltrúi og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

- 1. Bréf frá Umhverfissráðuneytinu, dags. 7. janúar 2003, ásamt kæru Kristbjargar Eyvindsdóttur, Grænhóli, Ölfusi vegna ákvörðunar Hollustuverndar ríkisins frá 4. desember 2002 um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpstöð Suðurlands, Kirkjuferjuháleigu.**
Lögð fram drög að svari. Drögin samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda svarið til Umhverfissráðuneytis.
- 2. Bréf frá Fræðsluneti Suðurlands, dags. 9. janúar 2003, með beiðni um fjárframlag í Vísinda- og rannsóknarsjóð Fræðslunets Suðurlands.**
Samþykkt að styrkja Vísinda- og rannsóknarsjóðinn um kr. 100.000 – á ári til ársins 2006.
- 3. Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf. frá 30. desember sl.**
Fundargerðin lögð fram.
- 4. Viðræður við Bæjarstjórn Ölfuss.**
Samþykkt að stefna að sameiginlegum fundi þriðjudaginn 18. febrúar nk. kl. 9:30.
- 5. Yfirlit yfir innvegið magn á árinu 2002.**
Lagt fram. Innvegið magn var samtals 16.184. tonn. Guðmundur Tryggvi gerði nánari grein fyrir málinu og þróun síðustu ára.

Fundi slitið kl. 12:00

Einar Njálsson
Guðmundur Tr. Ólafsson

Ágúst Ingi Ólafsson

Ólafur Ragnarsson
Þorvarður Hjaltason

